

FRAMKVÆMDA FRÉTTIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

3. TBL — MARS 2019

SUMARÁÆTLUN – 2019

Mesta framboð á flugsætum verður til og frá Kaupmannahöfn að því er fram kemur í [ferðaáætlunum flugfélaganna](#) sem fljúga um Keflavíkurflugvöll á komandi sumri. Framboð á sætum til og frá Kaupmannahöfn eykst um 9% frá því sem var í fyrra. Heildarframboð á flugsætum minnkar þó – fer úr 7,9 milljón flugsætum á sumaráætlun í fyrra niður í 7,1 milljón flugsæta í ár. Það er samdráttur upp á 10%. Hafa ber þó í huga að þessi flugáætlun, sem og aðrar, geta tekið breytingum hjá flugfélögum.

Icelandair áformar að auka sætaframboð sitt yfir sumartímamann um 14% í ár frá því sem var í fyrra. Áætlanir gera ráð fyrir að framboð sæta hjá WOW air dragist saman um 44%. Hjá öðrum flugfélögum sem fljúga um Keflavíkurflugvöll verður samanlagt um 4% samdráttur. Mismunandi er þó hvort félögin eru að minnka sætaframboð eða auka það. Wizz air eykur sætaframboð sitt um 15%, SAS um 22% og Finnair um 10% á meðan easyJet minnkar framboðið um 11%, British Airways um 23% og Norwegian um 14%. Samkvæmt áætlunum félaganna fyrir næsta sumar er útlit fyrir að flugsætum til og frá Bandaríkjunum fækki um 29% og til og frá Bretlandi um 22%. Sætaframboð til og frá Þýskalandi eykst hins vegar um 10%, til og frá Noregi og Sviss um 16% og Kanada um 18%. Helsta skýringin á minna framboði bandarískra flugsæta er fækkun áfangastaða í Bandaríkjunum og færri flugsæti til og frá Bretlandi geta skýrst af minna sætaframboði hjá bæði easyJet og British Airways í sumar.

Sætaframboð eykst á leiðum til og frá Kaupmannahöfn, eða um 9% milli ára. Þá eykst framboðið um 16% til og frá Ósló. Framboðið dregst saman um 18% til og frá JFK-flugvelli í New York og um 9% til og frá París.

ÖRYGGISMOLI

VÁLYND VEÐUR

Þegar veður versnar, eykst slyshættan á öllu starfssvæði flugvallarins. Allir starfsmenn á flugvelli verða að taka tillit til þess ástands sem getur skapast við slíkar aðstæður. Á vefsíðu Isavia er að finna [aðgerðareglur vegna óveðurs](#). Allan sólarhringinn er nákvæma lýsingu á veðri á og við flugvöllinn að finna í sjálfvirku flugvallarútvarpi (ATIS, Automatic Terminal Information System) og í síma 425 6101. Í lélegu skyggni eykst áhætta á flugvelli. Þess vegna er nauðsynlegt að takmarka alla umferð á athafnasvæði flugvallarins.



FLUGSTÖÐ

Hér verður greint frá þeim verkefnum sem eru í gangi í flugstöðinni í mars.

VIÐHALDSVINNA Í NORÐURBYGGINGU

Verið er að fara að endurnýja kælibúnað í tæknirýmum í stigakjörnum norðurbyggingar. Áætlað er að vinna hefjist síðari hluta marsmánaðar og mun standa yfir í um það bil 6 vikur. Þetta verkefni mun hafa mjög takmörkuð áhrif á farþega og starfsfólk flugvallarins.

VIÐHALDSVINNA Í SUÐURBYGGINGU

Unnið er að parketslípun og lökkun á 1. og 2. hæð suðurbyggingar þar sem unnið er í litlum áföngum. Reynt er að skipuleggja vinnuna þannig að hún hafi sem minnst áhrif á rekstur svæða.



Staðsetning hraðhleðslustöðvar við Gullnahlið

HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ VIÐ GULLNAHLIÐ

Ný hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við Gullnahliðið verður gangsett í marsmánuði. Hleðslustöðin er aðallega áætluð fyrir bíla Airport Security.

FLUGHLÖÐ

Hér verður greint frá þeim flughlaðsverkefnum sem eru í gangi í mars.

VDGS – VISUAL DOCKING GUIDANCE SYSTEM Á FJARSTÆÐUM

Samið hefur verið við verktaka vegna smíði og uppsetningar á VDGS stálvirkjum á fjarstæðum. VDGS stálvirki eru rammar og möstur sem sett eru upp fyrir sjálfvirkt VDGS (Visual Docking Guidance System) kerfi sem aðstoðar flugmenn við að leggja flugvélum. Stálvirki eru komin í framleiðslu erlendis og er áætlað að uppsetning fari fram upp úr miðjum apríl fram í miðjan maí og að kerfið verði klárt til notkunar í byrjun júní. Meðan uppsetning fer fram þarf að loka stæðum og verður það gert í samráði við rekstrarstjórnstöð.



VDGS dokka

SFA16 – STÆKKUN FLUGHLAÐS TIL AUSTURS

Undirbúningsvinna er í gangi vegna eldsneytisáfyllingar á nýju eldsneytiskerfi fjarstæða sem lagt var í SFA16 verkinu. Fjarstæði 70,71,72,73 og 75 ásamt undirstæðum þeirra „R og L“ eru með nýju eldsneytiskerfi, „Fuel Hydrant“. Eldsneytisáfylling á kerfið mun hafa áhrif á rekstur þessara stæða. Verklök eru áætluð 17. maí 2019.

FLUGBRAUTIR

Helstu verkefni vegna flugbrauta í marsmánuði eru tilgreind hér að neðan.



FLUGVALLARSAMNINGUR

Rammasamningsútbod vegna ráðgjafar og hönnunar á flugbrautum og öðrum útisvæðum á flugvöllum landsins var auglýst í Fréttablaðinu, á útbodsvef Isavia og á auglýsingavef Evrópusambandsins í lok síðasta árs. Gögn fyrir þrep 2 voru send bjóðendum þann 19. febrúar sl. og upplýsingarfundur haldin 27. febrúar. Fyrirspurnarfrestur rennur út 12. mars og tilboðsfrestur bjóðanda er til 22. mars næstkomandi.

ANNAÐ

VINNUVERNDAR- OG ÖRYGGISSTJÓRNUN – ISO 45001

Tækni- og eignasvið Isavia hefur ákveðið að innleiða og fara í vottunarferli á vinnuverndarstaðlinum ISO 45001 í tengslum við starfsemi sviðsins. ISO 45001 staðallinn er stjórnunarkerfi fyrir heilsu og öryggi starfsmanna. Vinna er nú í gangi að skilgreina stefnu og markmið sviðsins í vinnuöryggismálum, áhættumeta störf sviðsins, útbúa verklag, ferla og vinnulýsingar sem tryggja að sviðið nái settum markmiðum í vinnuöryggismálum og uppfylli kröfur staðalsins.



HEIMSMARKMIÐ – ÁBYRG NEYSLA

Isavia hefur sett sér það markmið að auka hlutfall flokkaðs úrgangs í starfseminni. Þetta tengist heimsmarkmiði 12 um ábyrga neyslu og þá sérstaklega markmiði 12.6 sem tilgreinir að dregið verði „verulega úr úrgangi með forvörnum, minnkun, endurvinnslu og endurnotkun“ fyrir árið 2030.

Félagið hefur einnig sett sér markmið um að gera innkaup félagsins sýnilegri, rekjanlegri og aðgengilegri og innleiða í tengslum við það [siðareglur birgja](#) sem voru samþykktar af yfirstjórn á síðasta ári.



Útgefandi er Tækni- og eignasvið,
Umsjónarmaður er Guðrún Jóna
(gudrun.jons@isavia.is)